



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝR FORSETARITARI

Stefán Lárus Stefánsson lætur af störfum sem forsetaritari þann 31. desember næstkomandi og hverfur á ný til verka á vettvangi utanríkisráðuneytis.

Örnólfur Thorsson hefur verið skipaður í starf forsetaritara frá 1. janúar 2006. Hann var ráðinn sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands árið 1999 og hefur verið skrifstofustjóri frá 2003.

20. desember 2005